



Breytingar á reglugerðum GSÍ 2021

Eftirfarandi tillögur að reglugerðarbreytingum voru samþykktar á stjórnarfundum GSÍ þann 12. apríl 2021.

Móta- og keppendareglur GSÍ

- Ákvæði 7. greinar um félagsréttindi einfölduð. Í stað þess að félagskráning 15. júní ár hvert ráði því fyrir hvaða klúbb kylfingur má keppa er nú kveðið á um að kylfingur megi aðeins keppa fyrir einn golfklúbb í sveitakeppnum GSÍ á hverju ári. Með þessu er reynt að eyða vandamálum sem komið hafa upp á hverju ári þegar kylfingar hafa gleymt að breyta aðalklúbbsínum og óvissu sem hefur skapast þegar kylfingar búsettir erlendis hafa gengið í golfklúbb eftir 15. júní.
- Bætt við ákvæði í 10. grein um bann við að keppendur og aðrir sem koma að framkvæmd golfmóta taki með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við golfmótið. Viðbótin er sett samkvæmt kröfu í grein 1.7 í lögum ÍSÍ.
- Útfærslu „skrifstofubráðabana“ í grein 5 a) breytt þannig að fyrst er miðað við skor á síðustu 36 holum, þegar við á. Áður var mest gert ráð fyrir að leiknar væru 36 holur í keppni.

Reglugerð um Íslandsmót í golfi karla og kvenna

- Lágmarksskráningarfræstur í 4. grein lengdur í 10 daga. Skráningarfræsturinn var áður a.m.k. 3 dagar. Á síðustu árum hefur verið umfram skráning í Íslandsmótið. Því þykir rétt að kylfingar viti með lengri fyrirvara hvort þeir komist í mótið, sérstaklega þeir sem eiga um langan veg að fara.
- Þátttökurétti í 7. grein breytt þannig að forgjöf ræður ekki lengur alfarið hverjir fá þátttökurétt. Tilgangur breytinganna er annars vegar að heiðra fyrri Íslandsmeistara með því að veita þeim sjálfkrafa þátttökurétt (náí þeir forgjafarmörkum) og hins vegar að gera vægi stigamótaraðarinnar meira.
- Bætt við ákvæði í 7. grein sem heimilar mótsstjórn að halda undankeppni um síðustu tvö sæti í hvorum keppnisflokki, ef umframskráning verður. Þegar umframskráning hefur verið undanfarin ár hafa síðustu leikmenn komist inn í mótið eftir hlutkesti. Rétt þótti að opna fyrir þann möguleika að halda 18 holu undankeppni (t.d. á mánudegi fyrir mót) um síðustu sætin. Ákvörðun um slíkt væri á hendi mótsstjórnar.
- Kveðið upp úr með í 7. grein að þegar velja þarf á milli kylfinga samkvæmt forgjöf skuli miðað við forgjöf kylfinga kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfræsti lýkur. Framkvæmdin hefur verið með þessu móti undanfarin ár en rétt þótti að kveða skýrt á um þetta í reglugerð mótsins.
- Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Reglugerð um Íslandsmót í unglingsflokki

- Lágmarksskráningarfræstur í 4. grein lengdur í 10 daga. Skráningarfræsturinn var áður a.m.k. 3 dagar. Á síðustu árum hefur verið mjög mikil skráning í Íslandsmót unglinga og fyrirséð að ekki munu allir geta tekið þátt. Því þykir rétt að kylfingar viti með meiri fyrirvara hvort þeir komist í mótið, sérstaklega þeir sem eiga um langan veg að fara.
- Kveðið upp úr með í 7. grein að þegar velja þarf á milli kylfinga samkvæmt forgjöf skuli miðað við forgjöf kylfinga kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfræsti lýkur.
- Mótsstjórn veitt heimild til að hafa niðurskurð eftir 36 holur, sbr. 7. grein. Í ljósi mikillar aðsóknar í mótið undanfarin ár og mikils getumunar keppenda hefur þeirri hugmynd verið varpað fram að hafa lokaumferð Íslandsmótsins hnitmiðaðri með niðurskurði eftir tvær umferðir. Með þessu ákvæði er opnað fyrir þann möguleika, þótt ákvörðun um hvort hann verði nýttur sé á hendi mótsstjórnar.
- Hámarksfjöldi fastsettur 18 í hverjum flokki, sbr. 7. grein, og ákvarðað hvernig fjölga skal í öðrum flokkum ef ekki verður full skráning í einhverjum flokkum. Gert til að tryggja jafnræði milli kynja og aldursflokka.



- e. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Reglugerð um Íslandsmót í flokki eldri kylfinga

- a. Lágmarksskráningarfrestur í 4. grein lengdur í 10 daga. Skráningarfresturinn var áður a.m.k. 3 dagar. Á síðustu árum hefur verið mikil skráning í mótið. Ef til þess kemur að allir skráðir þátttakendur komist ekki að þykir rétt að kylfingar viti það með lengri fyrirvara, sérstaklega þeir sem eiga um langan veg að fara.
- b. Hámarksfjöldi ákvarðaður í hverjum flokki í 7. grein. Jafnframt ákvarðað hvernig fjölga skal í öðrum flokkum ef ekki verður full skráning í einhverjum flokkum.
- c. Kveðið upp úr með í 7. grein að þegar velja þarf á milli kylfinga samkvæmt forgjöf skuli miðað við forgjöf kylfinga kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur.
- d. Eftirfarandi texta bætt við 7. grein: „Mótsstjórn er heimilt að hafa niðurskurð eftir 36 holur. Reglur um niðurskurðinn skulu þá koma fram í keppnisskilmálum“. Í ljósi mikillar aðsóknar í Íslandsmót eldri kylfinga og mikils getumunar keppenda hefur þeirri hugmynd verið varpað fram að hafa lokaumferð Íslandsmótsins hnitmiðaðri með niðurskurði eftir tvær umferðir. Með þessu ákvæði er opnað fyrir þann möguleika, þótt ákvörðun um hvort hann verði nýttur sé á hendi mótsstjórnar.
- e. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Reglugerð um Íslandsmót í holukeppni karla og kvenna

- a. Lágmarksskráningarfrestur í 4. grein lengdur í 10 daga. Skráningarfresturinn var áður a.m.k. 3 dagar. Á síðustu árum hefur verið umfram skráning í Íslandsmótið í holukeppni. Því þykir það eðlileg þjónusta við kylfinga að þeir viti með lengri fyrirvara hvort þeir komist í mótið, sérstaklega þeir sem eiga um langan veg að fara.
- b. Ákvæði um heimslista í 7. grein breytt þannig að miðað er við stöðu á heimslista kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur. Gert til einföldunar við undirbúning mótsins.
- c. Kveðið upp úr með í 7. og 9. grein að þegar velja þarf á milli kylfinga samkvæmt forgjöf skuli miðað við forgjöf kylfinga kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur.
- d. Lið 4. í 7. grein breytt þannig að frá og með árinu 2022 gildi stigafjöldi úr síðasta Íslandsmóti í holukeppni ekki í stigafjölda inn í mótið. Talið sanngjarnara m.t.t. þess hversu fáir keppendur eru í Íslandsmótinu í holukeppni.
- e. Bætt við nýrri grein 12 sem segir: „Hljóti keppandi frávísunarvíti í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótsstjórn ákveði annað“. Að öllu jöfnu er reiknað með að mótsstjórn láti frávísunarvíti ná til keppinnar allrar ef um er að ræða alvarlegt brot á hegðunarreglum. Slíkt er almenn útfærsla frávísunarvíta samkvæmt golfreglunum en rétt þótti að skýra það betur með þessu nýja ákvæði.
- f. Viðauka III breytt um úrslit ef leikur er gefinn, leikmaður forfallast eða riðlar eru ekki fullmannaðir. Nú ákvarðast úrslit 4/3 í 18 holu leik í stað 5/4 áður.
- g. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Reglugerð um Íslandsmót í holukeppni unglinga

- a. Lágmarksskráningarfrestur í 4. grein lengdur í 10 daga. Skráningarfresturinn var áður a.m.k. 3 dagar.
- b. Undankeppni í höggleik felld út, sbr. breytingar í 7. og 9. grein. Þess í stað fá 16 stigahæstu leikmenn í hverjum flokki þátttökurétt. Eftir tilkomu flokka 19-21 árs var fyrra fyrirkomulag mjög erfitt í framkvæmd og með þessari breytingu er vægi stigamótaraðarinnar sömuleiðis aukið.
- c. Bætt við nýrri grein 11 sem segir: „Hljóti keppandi frávísunarvíti í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótsstjórn ákveði annað“. Að öllu jöfnu er reiknað með að mótsstjórn láti frávísunarvíti ná til keppinnar allrar ef um er að ræða alvarlegt brot á hegðunarreglum. Slíkt er almenn útfærsla frávísunarvíta samkvæmt golfreglunum en rétt þótti að skýra það betur með þessu nýja ákvæði.
- d. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.



Reglugerð um Íslandsmót golfklúbba í karla- og kvennaflokki

- a. Skráningarfræstur fastsettur á 1. júní, sjá 4. grein. Áður var skráningarfræsturinn einum mánuði fyrir mót. Tilgangur breytingarinnar er að koma á meiri festu í undirbúning mótanna.
- b. Bætt við ákvæði í 13. grein sem segir: „Eftir að ráslisti með nöfnum leikmanna hefur verið birtur má ekki breyta liðsskipan“. Framkvæmd sveitakeppna hefur verið með þessum hætti í mörg undanfarin ár en talin var ástæða til að festa framkvæmdina í sessi í reglugerð um mótið.
- c. Ekki er lengur gerð krafa um að 2. deild karla sé haldin á 18 holu golfvelli, slík krafa er nú eingöngu gerð vegna 1. deildar karla og kvenna. Sjá 7. grein. Gert í ljósi vandkvæða við að hýsa 2. deild karla í sumar. Í 12. grein er tekið tillit til stærðar vallar í 2. deild karla m.t.t. fjölda leikja.
- d. Eftirfarandi texta bætt við 9. grein: „Hljóti keppandi frávisunarvítí í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótsstjórn ákveði annað“. Að öllu jöfnu er reiknað með að mótsstjórn láti frávisunarvítí ná til keppinnar allrar ef um er að ræða alvarlegt brot á hegðunarreglum. Slíkt er almenn útfærsla frávisunarvítá samkvæmt golfreglunum en rétt þótti að skýra það betur með þessu nýja ákvæði.
- e. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Reglugerð um Íslandsmót golfklúbba í unglingsflokkum

- a. Flokkaskipan í 7. grein breytt þannig að nú er keppt í flokkum 21 árs og yngri, 18 ára og yngri, 16 ára og yngri og 14 ára og yngri. Heimilað er að senda blandaða sveit stúlkna og pílta í flokki 21 árs og yngri, sbr. 8. grein.
- b. Eftirfarandi texta bætt við 9. grein: „Hljóti keppandi frávisunarvítí í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótsstjórn ákveði annað“. Að öllu jöfnu er reiknað með að mótsstjórn láti frávisunarvítí ná til keppinnar allrar ef um er að ræða alvarlegt brot á hegðunarreglum. Slíkt er almenn útfærsla frávisunarvítá samkvæmt golfreglunum en rétt þótti að skýra það betur með þessu nýja ákvæði.
- c. Grein 10 breytt á þann hátt að einungis liðsfélagar megi vera kylfuberar (ekki liðsstjórnar). Framkvæmd móta hefur verið með þessum hætti undanfarin ár samkvæmt ákvörðun mótsstjórna. Rétt þótti að samræma reglugerðina þeirri framkvæmd.
- d. Bætt við ákvæði í 12. grein sem segir: „Eftir að ráslisti með nöfnum leikmanna hefur verið birtur má ekki breyta liðsskipan“. Framkvæmd sveitakeppna hefur verið með þessum hætti í mörg undanfarin ár en talin var ástæða til að festa framkvæmdina í sessi í reglugerð um mótið.
- e. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Reglugerð um Íslandsmót golfklúbba í flokkum eldri kylfinga

- a. Bætt við ákvæði í 12. grein sem segir: „Eftir að ráslisti með nöfnum leikmanna hefur verið birtur má ekki breyta liðsskipan“. Framkvæmd sveitakeppna hefur verið með þessum hætti í mörg undanfarin ár en talin var ástæða til að festa framkvæmdina í sessi í reglugerð um mótið.
- b. Eftirfarandi texta bætt við 9. grein: „Hljóti keppandi frávisunarvítí í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótsstjórn ákveði annað“. Að öllu jöfnu er reiknað með að mótsstjórn láti frávisunarvítí ná til keppinnar allrar ef um er að ræða alvarlegt brot á hegðunarreglum. Slíkt er almenn útfærsla frávisunarvítá samkvæmt golfreglunum en rétt þótti að skýra það betur með þessu nýja ákvæði.
- c. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Reglugerð um stigamót

- a. Kveðið upp úr með í 7. grein að þegar velja þarf á milli kylfinga samkvæmt forgjöf skuli miðað við forgjöf kylfinga kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfræsti lýkur. Framkvæmdin hefur verið með þessu móti undanfarin ár en rétt þótti að kveða skýrt á um þetta í reglugerð mótsins.



- b. Eftirfarandi texta bætt við 8. grein: „Mótsstjórn er heimilt að hafa niðurskurð í mótinu að loknum 18 eða 36 holum. Reglur um niðurskurðinn skulu þá koma fram í keppnisskilmálum“. Þótt ekki sé reiknað með að þessi heimild verði mikið notuð þótti rétt að hafa þann möguleika opinn.

Reglugerð um stigamót unglunga

- a. Kveðið upp úr með í 8. grein að þegar velja þarf á milli kylfinga samkvæmt forgjöf skuli miðað við forgjöf kylfinga kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur. Framkvæmdin hefur verið með þessu móti undanfarin ár en rétt þótti að kveða skýrt á um þetta í reglugerð mótsins.

Reglugerð um dómara nefnd GSÍ

- a. Grein 6 breytt þannig að skilyrði sem áður sneru að því að mega sækja landsdómaranámskeið ná nú einungis til þess að þreyta landsdómarapróf. Með þessari breytingu geta héraðsdómarar sótt landsdómaranámskeið þótt þeir hafi ekki uppfyllt öll skilyrði þess að þreyta prófið og tekist síðan á við prófið þegar skilyrðin eru uppfyllt.

Reglugerð um bílanotkun í GSÍ mótum

- a. Smávægilegar orðalagsbreytingar til að skýra betur takmarkanir sem eru á notkun golfbíla, m.t.t. þess hvort leikmaður eða kylfuberi hefur heimild til að nota golfbíl. Ekki er um neinar efnislegar breytingar að ræða.

Reglugerð um styrktarsjóð GSÍ

Ný reglugerð um styrktarsjóð GSÍ, sbr. 16. grein laga GSÍ.

Þá voru felldar niður eftirfarandi reglugerðir þar sem viðkomandi keppnir verða ekki haldnar árið 2021:

- a. Reglugerð um Íslandsmót 35 ára og eldri
- b. Reglugerð um stigakeppni golfklúbba

Auk þess voru samþykktar tillögur dómara nefndar GSÍ vegna eftirfarandi skjala:

- c. Almennar staðarreglur um hegðun 2021
- d. Almennar staðarreglur um leikhraða 2021
- e. Almennir keppnisskilmálar og staðarreglur 2021
- f. Staðarreglur um leikhraða á stigamótaröðinni 2021
- g. Staðarregla um kylfubera á unglingamótaröðinni 2021